



Reykjavíkurborg  
skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 10. október 2017  
R17100263  
100  
HBL/lss

Forsætisnefnd

***Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar***

Meðfylgjandi er tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna breytinga á verkefnum forsætisnefndar. Breytingin þarf staðfestingu borgarstjórnar í tveimur umræðum sbr. ákvæði 18. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og birtingu í Stjórnartíðindum.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

## Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013

50. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

50. gr.  
*Forsætisnefnd.*

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar.

Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
6. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
7. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.